



Miðstöð foreldra og barna
að fimm ára aldri

Alþingi
b.t. félags- og tryggingamálanefndar
150 Reykjavík

Umsögn vinnuhóps frá Miðstöð foreldra og barna ehf (MFB) og Foreldrar meðganga barn (FMB) - teymi Landspítala vegna frumvarps til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, mál nr. 56 á 139. löggjafarþingi Alþingis.

Hópurinn leggur til að tenging 30. gr. barnaverndarlaga við lögræðislög verði felld niður enda ekki vitað til þess að kona hafi verið svipt sjálfræði með þeim hætti.

Tillögur hópsins eru í fyrsta lagi breyting á orðalagi á 30. greinar barnaverndarlaga. Í öðru lagi leggur hópurinn til viðbót við núverandi barnaverndarlög sem geri fagfólki kleift að grípa fyrir inn í aðstæður þar sem áhyggjur eru af velferð ófædds barns vegna lifnaðarháttá móður. Þetta er gert með hliðsjón af sóttvarnarlögum þar sem hópurinn telur að velferð barnsins skuli metin jafnmikilvæg og almannaheill.

Núverandi orðalag:

30. gr. Úrræði barnaverndarnefndar vegna þunguðra kvenna.

- Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáradila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að að gagni geti komið.
- Ef barnaverndarnefnd telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur nefndin sett fram kröfu um sviptingu sjálfræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga í því skyni að koma konunni til aðhlyningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðislaga.

Tillögur að breytingu orðalags í annarri málsgrein:

- 1) Þar sem stendur: *sviptingu sjálfræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga* kæmi í staðinn orðið: *þvingunaraðgerðir*.
- 2) Þar sem stendur: *til aðhlyningar og meðferðar á viðeigandi stofnun* kæmi í staðinn orðalagið *til aðhlyningar, rannsókna og viðeigandi meðferðar*.
- 3) Setningin *Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðislaga* verði felld niður.

Orðalag eftir breytingu:

30. gr. Úrræði barnaverndarnefndar vegna þungaðra kvenna.

☐ Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáradila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að að gagni geti komið.


☐ Ef barnaverndarnefnd telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur nefndin sett fram kröfu um þvingunaraðgerðir í því skyni að koma konunni til aðhlyningar, rannsókna og viðeigandi meðferðar.

Viðbætur við núverandi lög :

- 1) Ef kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu er henni skylt að leita aðhlyningar eða viðeigandi meðferðar (sbr. 7 gr. Sóttvarnalaga).
- 2) Ef ekki tekst samstarf við konuna getur barnaverndarnefnd leitað aðstoðar lögregluvalda við að koma konunni til aðhlyningar, rannsókna og viðeigandi meðferðar.
Áður en gripið er til þvingunaraðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti (sbr. 14. gr. sóttvarnalaga).
- 3) Velferðaráðherra skal tryggja að viðeigandi meðferð og stofnanir séu til staðar og aðgengilegar (sbr. 16 gr. Sóttvarnalaga).

Virðingarfyllst

f.h. vinnuhópsins



Anna María Jónsdóttir geðlæknir, MFB og FMB-teymi LSH.

Gunnlaug Thorlacius, félagsráðgjafi geðsviði LSH, FMB-teymi LSH.

María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi geðsviði LSH, FMB-teymi LSH.

Páll Matthíasson geðlæknir, framkvæmdastjóri geðsviði LSH.

Stefanía Arnardóttir hjúkrunarfræðingur, MFB.